

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/3111
komudagur 13. 8. 2008

Reykjavík 11. ágúst 2008
Tilvísun 2008070023/0.1/BK/-


Efni: Umsögn um drög að nefndaráliti v/frumvarps til breytinga á lögum um brunavarnir, 376. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar, dags. 4 júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Brunamálastofnunar um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við ofangreint frumvarp. Brunamálastofnun telur að breytingartillögur nefndarinnar séu mjög til bóta en stofnunin gerir þó athugasemd við eitt atriði í áliti nefndarinnar.

Ástæðulaust er að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu og er það skoðun Brunamálastofnunar að í 2. gr. frumvarpsins verði orðalagið “björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og faratækjum” óbreytt. Slysavarnafélagið Landsbjörg virðist telja að með því að nota orðið “mannvirkjum” sé gerð atлага að þeim björgunarsveitum sem hafa komið sér upp búnaði til rústabjörgunar. Þetta er hinn mesti misskilningur. Rústabjörgun björgunarsveitanna er fyrirbæri af allt öðrum toga en hér er átt við, en rústabjörgun fer nær einungis fram eftir stórfelldar náttúruhamfarir, þegar lýst er yfir almannavarnaástandi og sérstakur rústabjörgunarbúnaður er notaður ásamt sérþjálfuðum byggingarverkfræðingum og þjálfuðum hundum. Starfsemi björgunarsveitanna á þessu sviði er þeim til mikils sóma og mjög mikilvægur þáttur í forvörnum Íslendinga gegn ýmiskonar náttúruvá.

Slökkviliðin lenda hinsvegar nokkuð oft í verkefnum þar sem bjarga þarf fólki sem fast er í hinu manngerða umhverfi, svo sem þegar maður dettur ofan í kornsíló í Sundahöfn, þjófur festist í loftræstistokki, maður festist í glugga sem hann reynir að skriða inn um, börn detta í brunna og svo mætti lengi telja. Í slíkum neyðartilvikum er ekki kallað í björgunarsveitir með rústabjörgunarútbúnað, sérþjálfaða hunda og byggingarverkfræðinga (enda er viðbragðstími slíkra sveita einhverjir klukkutímar) heldur er kallað á slökkvilið, sem er með nokkurra mínútna viðbragðstíma.

Því er lagt til að texti frumvarpsins verði óbreyttur hvað varðar klippuvinnu (í 2. gr., 8. gr. og 11. gr.), en mikilvægt er að taka út orðin “við rústabjörgun” í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, þar sem rústabjörgun er allt annað fyrirbæri en sú vinna sem hér er átt við. Jafnvel væri hægt að segja beinum orðum í athugasemdum við 2. gr. að hér sé ekki átt við þá starfsemi björgunarsveitanna sem kallast rústabjörgun.

Virðingarfyllst

Björn Karlsson